

Fundargerð – Aðalfundur Foreldrafélags Hlíðaskóla, framhaldsfundur

Google Meet, 30. september 2021

Mættar úr stjórn:

Lena Viderø, formaður
Sigurhanna Kristinsdóttir, fundarstjóri
Klara Geirsdóttir, gjaldkeri
Eirný Þórólfsdóttir, skólaráðsfulltrúi
Eygló Svala Arnarsdóttir, ritari
Þorbjörg Gísladóttir, meðstjórnandi
Rósa Gunnlaugsdóttir, meðstjórnandi
Hallfríður (Halla) Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Dagskrá:

1. Stjórnarkjör
2. Kosning skoðunarmanna reikninga
3. Önnur mál

1. Stjórnarkjör

Auk Eyglóar, Klöru og Höllu sem buðust til að halda áfram stjórnarsetu og framboð Þorsteins og Þóreyjar sem fram komu á aðalfundinum skorti a.m.k. tvö framboð til viðbótar til þess að stjórnin væri starfhæf. Milli funda bárust stjórn nokkur framboð með tölvupósti, auk þess sem nokkrir foreldrar buðu fram aðstoð við sérverkefni. Á framhaldsfundinum lýstu síðan fleiri foreldrar yfir áhuga á að taka þátt í stjórnarstarfi.

Þetta eru 13 aðilar til samans:

- Eygló Svala Arnarsdóttir (sitjandi ritari)
- Klara Geirsdóttir (sitjandi gjaldkeri)
- Hallfríður Brynjólfssdóttir (sitjandi meðstjórnandi)

- Þórey Björk Sigurðardóttir
- Þorsteinn V. Einarsson
- Bára Brynjólfsson
- Elín Ósk Hjartardóttir
- Íris E. Gísladóttir
- Kjartan Vífill Iversen
- Berglind Rögnvaldsdóttir
- Jóhanna Björk Gísladóttir
- Veronika Snædal
- Guðmundur Andri Hjálmarsson

Ekki komu fram mótmæli við þessi framboð á fundinum.

Lena, Eirný og Þorbjörg úr fráfarandi stjórn buðust auk þess til þess að taka þátt í nefndarstörfum og aðstoða ef þarf.

Þórey bauð sig einnig fram sem skólaráðsfulltrúi ásamt sitjandi fulltrúa, Svanhildi Þorsteinsdóttur (skólaráðsfulltrúar sitja í tvö ár í senn).

2. Kosning skoðunarmanna reikninga

Ragnar Tryggvason og Bára Brynjólfsson buðu sig fram sem skoðunarmenn reikninga. Spurt var hvort Bára mætti vera skoðunarmaður ef hún er í stjórn. Það er í lagi ef hún er varamaður. Fram kom að Hulda Orradóttir gæti einnig verið skoðunarmaður.

Ekki komu fram mótmæli við þessi framboð á fundinum.

3. Önnur mál

Rætt var um nefndir á vegum foreldrafélagsins þar sem foreldrar geta aðstoðað við afmörkuð verkefni. Starfandi eru fræðslunefnd (sem Halla og Klara leiða), skólalóðanefnd (sem Lena leiðir)

og óskilamunanevnd (sem Þorbjörg leiðir). Þörf er á nefndum sem taka á fleiri málefnum, t.d. mótuneytisnefnd og nefnd sem sér um að bjóða börn og fjölskyldur af erlendum uppruna velkomin í skólann og hverfið.

Rætt var um mikilvægi foreldrasamstöðu og þess að foreldrar séu í góðum samskiptum sín á milli og kynnist innbyrðis. Nefnt var dæmi um vandamál sem kom upp í einum bekk. Það breytti öllu þegar nemendur áttuðu sig á því að foreldrarnir töluðu saman og á tveimur vikum tókst að vinda ofan af vandamálinu.

Fundi slitið.

Fundargerð hefur verið samþykkt rafrænt.